



Svar við tillögu

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Efni:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingu á ferli samráðsfyrirkomulaga í kjölfar hönnunarsamkeppni, sbr. 38. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. nóvember 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa. USK23110322

Flokkur fólksins leggur til að gerð verði breyting á samráðsfyrirkomulagi í kjölfar hönnunarsamkeppni. Lagt er til að um leið og vinningstillaga liggur fyrir skuli gera deiliskipulag í samræmi við vinningstillöguna til þess að hægt sé að gefa almenningi kost á að senda inn formlegar athugasemdir áður en að fullnaðarhönnun fer af stað.

Nauðsyn þess að breyta þessu ferli kom glögggt í ljós í verkefni um Fossvogsbrú. Nú í september 2023 tæpum tveim árum eftir að vinningstillagan var tilkynnt var auglýst breyting á deiliskipulagi við brúna. Þá var hönnun brúarinnar nánast fullkláruð í trássi við gildandi deiliskipulag og athugasemdir almennings nánast tilgangslausar. Búið er að eyða allt of miklum tíma í hönnun til að hægt sé að breyta nokkru núna.

Óhæft er með öllu að svör við athugasemdum séu að koma fram á sama fundi og samþykkt er að mæla með breytingunni fyrir borgarráð. Þeir sem senda inn athugasemdir gefst ekki kostur á að skoða svörin og koma með andmæli/viðbrögð við þeim. Til hvers er fólki boðið að koma með athugasemdir ef ekkert er gert við þær?

Svar:

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fossvogsbrú var samþykkt í B-deild stjórnartíðinda 29. mars 2019 eftir hefðbundið auglýsinga og kynningarferli í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð var breyting á umræddu skipulagi til að samræma skipulagið að verðlaunatillögu hönnunarsamkeppni um Fossvogsbrú

Deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 31. janúar 2019 og í bæjarstjórn Kópavogs 12. febrúar 2019. Í deiliskipulagi var miðað við frumdrög að brú, landfyllingum og tengingum við gatna- og stígakerfi í báðum sveitarfélögum. Árið 2021 var haldin alþjóðleg samkeppni um hönnun brúarinnar, unnin var forhönnun 2022-2023 og breyting á deiliskipulagi gerð til þess að samræma deiliskipulagið við hönnun brúarinnar. Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.



Tillaga að breytingu var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 27. júlí - 19. september 2023. Umsagnir og ábendingar sem bárust á auglýsingatíma leiddu ekki til breytinga á tillögunni. · Breytingin á deiliskipulagi mun ekki hafa áhrif á umhverfið umfram það sem gert er ráð fyrir í upprunalegu deiliskipulagi. Í viðauka 1 við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er miðað við að gera þurfi umhverfismat fyrir landfyllingar yfir 5 ha að stærð en heildarumfang landfyllinga er undir þessum mörkum. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar var ekki þörf á að gera umhverfismat fyrir upprunalegt deiliskipulag Fossvogsbrúar. · Í breytingunni felst: · Í Kópavogi hefur planlega brúarinnar hliðrast um 12 m vestar í hönnunarferli til að ná betri tengingu við Bakkabraut. · Í Reykjavík hliðrast planlega brúarinnar um 30 m til austurs í hönnunarferli til að stytta leið almenningsgangna milli Háskólans í Reykjavík og Kársness um 55 m og til að einfalda hæðarlegu. · Á brúnni verða tvær akreinar fyrir almenningsgangöngur, ein í hvora átt, með tvöfaldan hjólastíg vestan megin og göngustíg austan megin. · Í upprunalegu deiliskipulagi er leiðbeinandi lega göngu- og hjólastíga, áningarstaða og staðsetning biðstöðva fyrir almenningsvagna sýnd á uppdrætti. Í breytingu eru leiðbeinandi lega stíga uppfærðar. Fallið er frá því að staðsetja biðstöðvar á deiliskipulagssvæðinu. · Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma að fullu landfyllingar við brúarendana og frágang á grjótnargarði. · Deiliskipulagsmörk eru færð að lóðamörkum Vesturvarar 38a til vesturs og til austurs. Það er gert til að rúma götu, stíga og landfyllingu innan marka deiliskipulagsins. Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagsáætlun Kársneshafnar, Vesturvör 38A og B. · Við breytingu á deiliskipulagsmörkum stækkar deiliskipulagssvæðið úr 4,9 ha í 6,9 ha. · Í tengslum við undirbúning á framkvæmdum við brúna var háspennustrengur sem lá á milli Kópavogs og Reykjavíkur færður þannig að hann liggur austan og norðan megin við lóðamörk Vesturvarar 38A. Miðlína háspennustrengs er sýnd á uppdrætti ásamt kvöð um 4 metra varúðarsvæði til beggja hliða. · Litir á uppdrætti breytast í samræmi við nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir Borgarlínu sem eru í vinnslu, sem sýna betur mun á milli hjóla- og göngustíga. · Að öðru leyti er vísað í skilmála í upprunalegu deiliskipulagi fyrir Brú yfir Fossvog.

Tillagan var auglýst frá 1. ágúst 2023 til og með 19. september 2023, en á þeim tíma gafst öllum hagaðilum að koma með athugasemdir og ábendingar við skipulagið og öllum athugasemdaráðilum svarað sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21.11.2023. Málsmeðferð og samráðsfyrirkomulag fyrir umrædda skipulagsbreytingu var í öllu samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Skipulagsfulltrúi telur því ekkert mæla með því sérstaklega að ráðist verði í almennar breytingar á samráðsfyrirkomulagi við skipulagsgerð í ljósi þessa máls sérstaklega.

Björn Axelsson